



# Lestur er lykill að ævintýrum lífsins

Læsisstefna 2018  
Grunnskóli Snæfellsbæjar





# Lestur er lykill að ævintýrum lífsins

Læsisstefna Grunnskóla Snæfellsbæjar

2018

Unnið af læsisteymi Grunnskóla Snæfellsbæjar skólaárið 2017-18

Hrund Hermannsdóttir

Katrín Elísdóttir

Katrín Aðalheiður Magnúsdóttir

Kristín Helga Guðjónsdóttir

Margrét Gróa Helgadóttir

Vilborg Lilja Stefánsdóttir



INNGANGUR .....	3
1. LESTUR OG SKILNINGUR.....	4
2. LESTRARHVETJANDI UMHVERFI .....	8
3. SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA.....	10
4. SAMFELLA Á MILLI SKÓLASTIGA.....	11
5. ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL (ÍSA) .....	11
6. MATSTÆKI.....	12
7. HUGTAKASKÝRINGAR.....	12
HEIMILDASKRÁ .....	20



## Inngangur

Lestur er lykill að ævintýrum lífsins er yfirskrift læsisstefnu Grunnskóla Snæfellsbæjar. Hún vísar til þess að skapa tækifæri fyrir einstaklinginn til þess að hverfa inn í heim ævintýra með lestri góðra bóka og leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín. Slík upplifun getur haft áhrif á nýsköpun, framfarir og færni í að leita lausna í daglegu lífi.

Læsissteymi Grunnskóla Snæfellsbæjar hefur haft það hlutverk að vinna að læsisstefnu skólans. Við gerð hennar voru hafðar til hliðsjónar þær lestrarkennsluaðferðir, skimanir og próf sem notast er við í skólanum. Þá er unnið eftir nýjum viðmiðum í lestri sem Menntamálastofnun hefur gefið út. Góð lestrarfærni er undirstaða alls náms og því leggur Grunnskóli Snæfellsbæjar áherslu á markvisst lestrarnám.

Samkvæmt Aðalnámskrá er læsi einn af grunnþáttum menntunar og felur í sér lestur, talað mál, ritun og hlustun. Huga þarf vel að þessum frumþáttum sem eru undirstaða lestrarfærni. Lokamarkmið læsis er lesskilningur, að einstaklingur njóti þess sem hann les og að hann öðlist færni í því að túlka texta út frá eigin reynslu, geti um leið yfirfært þekkingu sem hann öðlast við lestur texta yfir á aðrar aðstæður. Til að einstaklingur öðlist góða færni í lesskilningi er mikilvægt að hann hafi meðal annars góðan málskilning og bakgrunnsþekkingu, ályktunarhæfni og öflugan orðaforða.

Lestrarþjálfun er samstarfsverkefni heimilis og skóla og grunnur að farsælli lestrarfærni. Því er mikilvægt að auka þekkingu meðal foreldra og forráðamanna á lestrarnámi og þeirri ábyrgð sem þeir bera á lestrarþjálfun heima fyrir.

Læsisstefna Grunnskóla Snæfellsbæjar er lifandi stefna sem er í stöðugri endurskoðun en markmið stefnunnar er að vera leiðbeinandi um lestur fyrir skólasamfélagið í heild sinni. Þá er hún hvatning til okkar allra að gera lestur að jákvæðri upplifun til að geta lesið sér til gagns og öðlast þekkingu sem veitir mikilvægt veganesti út í lífið.



## 1. Lestur og skilningur

### Markmið fyrir nemendur í 1. og 2. bekk

- að efla hljóðkerfisvitund, hljóðavitund og umskráningu
- að læra hljóð, heiti og tákn íslensku bókstafanna
- að geta lesið og skilið fjölbreyttan texta við hæfi
- að geta beitt hljóðaaðferð og nýtt orðmyndalestur
- að þjálfra framsögn
- að þjálfra hlustunarskilning
- að þjálfra lesskilning
- að auka orðaforða
- að efla málskilning
- að geta lesið sér til ánægju

### Dæmi um leiðir

- Hljóðaaðferð
- Rím og orðaleikir
- Stafainnlögn
- KPals
- Algengar orðmyndir
- Paralestur
- Heimalestur daglega
- Lestur í skóla
- Yndislestur
- Námsþpil og kennsluforrit
- Orð af orði
- Lestrarsprettur
- Orð dagsins
- Umræður um texta, orð og hugtök
- Vinna með fjölbreytta texta
- Upplestur á eigin texta
- Hugtakakort
- Gott aðgengi að lestrarefni
- Gagnvirkur lestur; samantekt, spurningar, útskýringar og forspá
- Smásagnasamkeppni
- Lestur umsjónarkennara í ávaxtastund

### Viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – orð á mínútu að vori

Árgangur	Viðmið 1 (90%)	Viðmið 2 (50%)	Viðmið 3 (25%)
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100



### Markmið fyrir nemendur í 3. og 4. bekk

- að geta lesið og skilið fjölbreytta texta
- að efla lesfimi (leshraða og nákvæmni)
- að þjálfra framsögn
- að lesa skýrt, áheyrilega og virða greinarmerki
- að þjálfra hlustunarskilning
- að þjálfra lesskilning
- að auka orðaforða
- Að efla málskilning
- að geta valið sér lesefni við hæfi
- að læra að nota bókasafn
- að geta lesið sér til ánægju

### Dæmi um leiðir

- Algengar orðmyndir
- PALS
- Heimalestur daglega
- Lestur í skóla
- Yndislestur
- Samlestur (kórlestur)
- Korta- og myndalestur
- Námsþpil og kennsluforrit
- Orð af orði
- Hugtakakort
- Lestrarsprettur
- Orð dagsins
- Umræður um texta, orð og hugtök
- Vinna með fjölbreytta texta
- Smásagnasamkeppni
- Gott aðgengi að lestrarefni
- Gagnvirkur lestur; samantekt, spurningar, útskýringar og forspá
- Þristur
- Lestur umsjónarkennara í ávaxtastund

### Viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – orð á mínútu að vori

Árgangur	Viðmið 1 (90%)	Viðmið 2 (50%)	Viðmið 3 (25%)
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145



## Markmið fyrir nemendur í 5.- 7. bekk

- að geta lesið og skilið fjölbreytta texta við hæfi
- að auka lestrarhraða
- að þjálfá lesskilning
- að þjálfá upplestur og túlkun texta
- að auka lesfimi
- að þjálfá framsögn
- að þjálfá hlustunarskilning
- að geta lesið sér til ánægju og fróðleiks
- að geta valið sér lesefni við hæfi
- að auka orðaforða

## Dæmi um leiðir

- Paralestur
- Yndislestur
- Upplestur í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina
- Hljóðlestur
- Hugtakakort
- Spil, kennsluforrit og smáforrit
- Heimsóknir á bókasafn
- Upplestur á eigin texta og upptaka á hljóði og mynd
- Aðferðir Orðs af orði
- Orð dagsins
- Þristur
- Kortalestur og myndlestur
- Aðgengi að bókum í kennslustofum
- Heimalestur daglega
- Notkun hljóðefnis
- Lestur í ávaxtastund/hestistíma
- Gagnvirkur lestur; samantekt, spurningar, útskýringar og forspá
- Heimsókn á leikskóla þar sem nemendur lesa fyrir leikskólabörn
- Lestur í skóla

## Viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – orð á mínútu að vori

Árgangur	Viðmið 1 (90%)	Viðmið 2 (50%)	Viðmið 3 (25%)
5. bekkur	90	140	120
6. bekkur	80	120	145
7. bekkur	120	165	190



## Markmið fyrir nemendur í 8. - 10. bekk

- að geta lesið, skilið og túlkað fjölbreytta og aldursvarandi texta og upplýsingar
- að geta beitt mismunandi aðferðum við lestur
- að geta valið sér lesefni við hæfi
- að lesa texta á skilvirkan og öruggan hátt
- að lesa sér til ánægju og fróðleiks
- að skilja gildi þess að lesa
- að greina á milli aðal- og aukaatriða í texta
- að þjálfra framsögn
- að þjálfra hlustunarskilning
- að efla hugtakaskilning
- að tileinka sér fjölbreyttari orðaforða
- að efla lesfimi

## Dæmi um leiðir

- Vinna með fjölbreytta texta
- Upplestur
- Hljóðlestur
- Þristur
- Orð af orði
- Hugtakakort
- Heimsóknir höfunda sem lesa og kynna bækur sínar.
- Umræður um bækur og hvernig unnið er með texta og persónusköpun
- Notkun hljóðefnis
- Aðgengi að fjölbreyttu lesefni
- Gagnvirkur lestur; samantekt, spurningar, útskýringar og forspá
- Kappræður/rökræður
- Umfjöllun um bækur
- Bókaveisla á Klifi
- Kvikmyndagagnrýni

## Viðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – orð á mínútu að vori

Árgangur	Viðmið 1 (90%)	Viðmið 2 (50%)	Viðmið 3 (25%)
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210





## 2. LESTRARHVETJANDI UMHVERFI

### Markmið

- Hvetja til aukins lesturs
- Skapa notalegt lestrarumhverfi og stuðla að jákvæðu viðhorfi til lesturs
- Upplifa gleði og sköpun í tengslum við lestur
- Vekja áhuga og forvitni til frekari athugana

### Dæmi um leiðir

- Tryggja aðgengi að fjölbreyttu lesefni
- Gott aðgengi og öflugt starf á bókasafni
- Lesa með börnum og lesa fyrir börnin
- Hengja upp veggspjöld/verkefni nemenda sem kveikja áhuga og forvitni
- Spil og annað lestrarhvetjandi efni sé aðgengilegt
- Hafa tákni, stafi og orð sýnileg
- Hafa dagskipulag, stundaskrár, reglur og ýmsar upplýsingar sýnilegar
- Lestraraðstaða sé til staðar í kennslustofum yngri bekkja
- Reglulegir lestrarsprettir í öllum árgöngum
- Kynning á bókum og höfundum, fá rithöfunda í heimsókn í skólann
- Hafa orð dagsins, málshætti, orðtök og annan almennan fróðleik sýnilegan á tilkynningaskjá
- Nemendur kynni bækur sem þeir hafa lesið fyrir samnemendum sínum
- Hafa upplýsingar um efni, áhöld og verklag sem tengjast námsgreinum í verkgreinastofum sýnilegar
- Hvetja til notkunar á hljóðbókum og talgervlum
- Lesa fyrir leikskólabörn
- Hafa söngstundir á sal hjá yngri nemendum

### LESTUR

Lestraráttak er áhrifarík leið til þess að auka lestur og lestrarfærni nemenda. Lestrarsprettur er tekinn 2-3 sinnum á skólaári. Verkefnið er skipulagt út frá ákveðinni tímalengd með hliðsjón af tímasetningu og kynnt vel fyrir nemendum og forráðamönnum. Nemendur lesa bók að eigin vali og skrá niður blaðsíðufjölda. Mikilvægt er að nemendur lesi upphátt og að textinn sé samfelldur. Misjafnt er eftir skólastigum hver tímalengd lestrar er hverju sinni.

Þristurinn er lestrarsprettur sem miðar að því að auka hraða og nákvæmni í lestri. Um er að ræða paralestur sem stendur yfir í fimm vikur í einu. Hver texti er lesinn þrisvar sinnum í hvert sinn, þrjá daga vikunnar. Framfarir eru skráðar í súlurit hjá eldri nemendum en skráðar á lestrarblaðið hjá yngri nemendum.



## SUMARLESTUR

Grunnskóli Snæfellsbæjar stendur fyrir sumarlestri í samstarfi við Bókasafn Snæfellsbæjar. Markmiðið með sumarlestri er að viðhalda og auka lestrarfærni barna. Lestrarefni fyrir börn og unglinga þarf að vera aðgengilegt á sumrin þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Verkefnið er kynnt fyrir nemendum og foreldrum þeirra við skólaslit og með kynningarefni. Nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í verkefninu sem stendur yfir á tímabilinu júní-ágúst. Nemendur 1.-10. bekkjar taka þátt og eru verðlaun veitt fyrir þátttöku í upphafi nýs skólaárs.

## LESTUR Í ÁVAXTASTUND

Kennari velur bók til að lesa í ávaxtastund í u.þ.b. 10 mínútur á dag. Lögð er áhersla á hlustun, orðskýringar og umræður út frá viðfangsefni.

## YNDISLESTUR

Nemendur lesa í hljóði bók að eigin vali í ákveðinn tíma. Markmiðið er að nemendur læri að njóta góðra bóka, auki orðaforða sinn, öðlist áhuga á lestri fjölbreyttra bókmennta og auki vísýni sitt. Mikilvægt er að skólasafnið tryggji aðgengi að áhugaverðu lesefni fyrir nemendur sem hafa mismunandi lestrarfærni.

## 2.1. LESTRARMENNING

### BÓKAVEISLA

10. bekkur sér um hina árlegu Bókaveislu sem haldin er í byrjun aðventu. Höfundar kynna nýútkomnar bækur og er reynt að hafa hópinn sem fjölbreyttastan. Nemendur afla upplýsinga hjá höfundum og setja saman kynningu sem þeir flytja á Bókaveislunni sem haldin er fyrir bæjarbúa í Félagsheimilinu Klifi.

### SKÁLD Í SKÓLUM

Fastur liður í skólastarfinu er að fá heimsókn á vegum verkefnisins „Skáld í skólum“. Þar eru skáldverk og höfundar í víðum skilningi kynnt. Lögð er áhersla á fjölbreyttan flutning.

### SKÓLABÓKASAFN

Hlutverk skólabókasafnsvarðar er að leiðbeina nemendum við val á lesefni út frá áhugasviði og viðfangsefnum. Nauðsynlegt er að tryggja að áhugaverðar bækur séu aðgengilegar og að úrvalið sé sem mest til þess að mæta þörfum ungra lesenda.

### BÓKASAFN SNÆFELLSBÆJAR

Bókasafn Snæfellsbæjar er í samstarfi við skólabókasafn grunnskólans. Nemendur fara reglulega í heimsókn á bæjarbókasafnið og athygli þeirra vakir á því sem safnið hefur upp á að bjóða með það að markmiði að auka aðsókn þeirra að safninu. Á Bókasafni Snæfellsbæjar er hægt að nálgast fjölbreytt lesefni.



## LITLA UPPELSTRARKEPPNIN

Nemendur 4. bekkjar taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni sem Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn, eiga veg og vanda af. Markmiðið er að bæta lestur og þjálfra framsögn nemenda. Ekki er um að ræða eiginlega keppni milli nemenda heldur er hver og einn að vinna að því að bæta árangur sinn. Tilgangurinn er að styðja við þá vinnu og aðferðir sem eru í lestrarkennslu hverju sinni.

## UPPELSTRARHÁTÍÐ

Haldin er upplestrarhátíð í 6. bekk þar sem nemendur lesa texta, ljóð eða þulur sem þeir velja í samráði við umsjónarkennara og flytja fyrir forráðamenn. Markmiðið er að þjálfra upplestur, kynnast fjölbreyttum textagerðum og njóta góðrar lestrarstundar.

## STÓRA UPPELSTRARKEPPNIN

Nemendur 7. bekkjar taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn, eiga veg og vanda af. Undirbúningur keppinnar hefst þann 16. nóvember, á Degi íslenskrar tungu, og stendur fram í mars/apríl þegar lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar á Snæfellsnesi fer fram. Nemendur þjálfra framsögn undir leiðsögn íslenskukennara. Hvatt er til þess að allir nemendur 7. bekkjar taki þátt í upplestrarkeppni innan skólans þar sem lesið er fyrir forráðamenn og dómara velja fulltrúa skólans til þátttöku í lokahátíðinni.

# 3. SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA

## Markmið

- Forráðamenn séu vel upplýstir um hlutverk sitt og ábyrgð í lestrarnámi barna sinna
- Forráðamönnum sé gerð grein fyrir þeim leiðum sem skólinn vinnur eftir við lestrarnám og eflingu málþroska
- Upplýsa forráðamenn reglulega um framvindu lestrarnáms
- Styðja við lestrarnám nemenda og efla áhuga þeirra á lestri
- Forráðamenn upplýsi skólann um þætti sem geta haft áhrif á læsisþróun barna þeirra
- Ráðgjöf og fræðsla til forráðamanna

## Dæmi um leiðir

- Daglegur heimalestur skráður af forráðamönnum
- Upplýsingar um framvindu lestrarnáms í verkefnabók í Mentor
- Matsviðmið úr lesfimiþrófum aðgengileg á heimasíðu skólans
- Forráðamenn sinni heimalestri í skólafríum
- Forráðamenn hvattir til að lesa áhugavert lesefni fyrir börn sín og með þeim
- Fyrirlestrar er tengjast þróun læsis
- Forráðamenn hvattir til að eiga samtál við börn sín til að auka orðaforða og málskilning
- Starfsfólk skólans og forráðamenn aðstoði börn við að finna lestrarefni við hæfi
- Haustfundir þar sem farið er yfir áhersluþætti í lestri á viðkomandi skólastigi
- Fréttabréf send reglulega til forráðamanna



## 4. SAMFELLA Á MILLI SKÓLASTIGA

### Markmið

- Samfelld heild verði í lestrarnámi barna
- Upplýsingaflæði verði tryggt á milli skólastiga
- Tryggja að brú sé á milli skólastiga

### Leiðir

- Skilafundur á milli leik- og grunnskóla að vori
- Gagnkvæmar heimsóknir milli skólahóps leikskóla og 1. bekkjar samkvæmt skipulagi
- Miðlun upplýsinga um nemendur með lestrarörðugleika til framhaldsskóla með leyfi forráðamanna að vori

## 5. ÍSLENSKA SEM ANNÆÐ TUNGUMÁL

### Markmið

- Styðja við móðurmál nemenda
- Efla færni nemenda í íslensku
- Tryggja upplýsingaflæði til forráðamanna og efla þátttöku þeirra í námi barna sinna
- Bera virðingu fyrir móðurmáli nemenda á sýnilegan hátt í skólanum

### Dæmi um leiðir

- Orðalistar á móðurmáli nemenda aðgengilegir forráðamönnum til að styðja við nám nemenda
- Nota myndrænt form við uppsetningu dagskipulags
- Efla skilvirkt samstarf við forráðamenn um lestrarnám nemenda
- Hvetja forráðamenn til að efla færni barna sinna í móðurmálinu
- Benda forráðamönnum á leiðir til að efla færni í íslenskunámi barna sinna
- Gott aðgengi að bókum og stafrænu efni á móðurmáli nemenda
- Fjölmenningshátíð í bæjarfélaginu
- Tungumál nemenda sýnileg á göngum skólans
- Eiga samtali við nemendur og kynnast bakgrunni þeirra og áhugamálum
- Tryggja að mikilvægar upplýsingar berist forráðamönnum á móðurmáli þeirra með aðstoð túlka
- Orð og hugtök sýnileg
- Upplýsa forráðamenn um að viðmið í skimunum og prófum miðast við nemendur með íslensku sem móðurmál
- Nýta talmeinafræðing til ráðgjafar og stuðnings
- Bjóða upp á fræðslu fyrir starfsfólk og forráðamenn
- Nýta fjölbreytta kennsluvefi
- Bjóða upp á kennslu í pólsku í skólanum



## 6. MATSTÆKI

**Lesferill** er staðlað matstæki Menntamálastofnunar sem metur grunnþætti læsis. Prófið veitir upplýsingar um lestrarfærni nemenda og getur gefið vísbendingar um lestrarerfiðleika.

Lesferill skiptist í eftirfarandi þætti:

**Lesskimun fyrir 1. bekk** er lögð fyrir í október. Skimunin gefur vísbendingar um styrkleika og veikleika varðandi hljóðkerfisvitund, bókstafaþekkingu, umskráningu og málskilning nemenda.

**Lesfimi** eru raddlestrarpróf fyrir 1.-10. bekk sem prófa hraða og nákvæmnislestur. Prófin eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaári, í september, janúar og maí. Í viðmiðum Menntamálastofnunar er gert ráð fyrir því að ákveðinn fjöldi orða sé lesinn á mínútu í hverjum árgangi. Viðmiðin miðast við að nemandi hafi náð ákveðinni hæfni í lestri þ.e. hraða og nákvæmni að vori.

**Matsrammi fyrir lestrarlag** er viðmið Menntamálastofnunar. Þar er lestur metinn út frá eðlilegu hljómfalli, áherslum og notkun greinarmerkja. Hér er um að ræða leiðbeinandi skjal fyrir kennara, forráðamenn og nemendur.

**Orðarún** er staðlað lesskilningspróf fyrir 3. - 8. bekk. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og hugtaka, átta sig á staðreyndum og draga ályktanir. Fyrri hluti prófsins er lagður fyrir í mars og seinni hluti í október.

**Samræmd könnunarpróf í íslensku** eru lögð fyrir 4., 7. og 9. bekk. Prófin eru á rafrænu formi og prófa lestur, lesskilning og málnotkun. Meginhlutverk könnunarprófanna er að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólum upplýsingar um námsstöðu nemandans.

**LOGOS** er tölvutækt greiningarpróf til að greina lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Það er einnig notað sem skimunartæki hjá 3., 6. og 8./9. bekk.

## 7. HUGTAKASKÝRINGAR

**Gagnvirkur lestur** er lesskilningsaðferð sem byggir á ákveðnu ferli. Nemendur byrja á að lesa texta og draga saman aðalatriðin. Því næst spyrja þeir sig spurninga um inntak textans og eigin skilning, leita skýringa á því sem er óljóst í textanum og spá fyrir um framhaldið.

**Hljóðaaðferð** er ein þeirra lestrarkennsluaðferða sem unnið er með í 1. bekk. Kennsluaðferðin er talin áhrifarík þar sem unnið er með alla nauðsynlega undirstöðupætti sem börn þurfa að læra til að ná góðum tókum á lestri, þar á meðal að skilja samspil á milli bókstafstákna og hljóða þeirra, læra útlit og heiti allra bókstafa stafrófsins, öðlast hljóðavitund, sundurgreina og tengja saman hljóð.

**Hljóðlestur** er þegar nemendur lesa í hljóði. Kostir hljóðlestrar eru meiri leshraði heldur en þegar lesið er upphátt. Lestraraðferðir hljóðlestrar eru nákvæmnislestur, yfirlestur og leitarlestur.

**Hljóðbók** er hægt að nálgast á Hljóðbókasafni Íslands sem hefur það hlutverk að sjá þeim sem ekki geta nýtt sér prentað efni bókasafnsþjónustu fyrir þjónustu, með miðlun á fjölbreyttu safnefni til



notenda. Hægt er að nálgast flestar námsbækur grunnskóla sem hljóðbækur ásamt völdum skáldsögum á [www.nams.is](http://www.nams.is). Einstaklingar upp að 17 ára aldri fá frían aðgang að Hljóðbókasafninu. Eingöngu þeir sem hafa til þess viðeigandi vottorð geta nýtt sér safnið.

**Hljóðkerfisvitund** er meðvituð færni einstaklingsins til að vinna með hljóðin í málinu, tengsl þeirra og hvernig hægt er að greina talað mál í einingar s.s. fjölda orða í setningu og fjölda atkvæða í orði.

**Íslenska sem annað tungumál** er námsgrein í Aðalnámskrá sem miðar að því að kenna nemendum með annað móðurmál íslensku. Markmiðið er að efla færni nemenda í lestrarnámi, málþroska og skilningi.

**Korta- og myndlestur** er lestur á myndrænu efni þar sem nemendur þurfa að geta lesið upplýsingar af kortum, myndritum og gildistöflum.

**Læsispróun** hefst við fæðingu þegar börn byrja að byggja upp ákveðna færni og þekkingu á tungumálinu, lestri og ritun. Slík færni er hluti af lestrarþróun og er mikilvægur undirbúningur og grunnur fyrir formlegt lestrarnám sem hefst þegar barnið byrjar í grunnskóla.

**Málþroski** er hluti af almennum þroska barns og er ferlið þegar það er að tileinka sér tungumálið. Með málþroska er átt við orðaforða, hugtakaskilning, setningaskipan, beygingar og framburð málahljóða. Málþroskinn er metinn með málþroskaprófum, þar sem málhæfni barns er könnuð út frá málskilningi og máltjáningu.

**Orð af orði** er kennsluáferð sem byggir á því að nemendur efli orðaforða sinn og hæfni til að ráða í merkingu orða. Þannig geta nemendur nýtt orðasafnið sitt á fjölbreyttan hátt og aukið lesskilning sinn. Þá er texti settur fram á myndrænan hátt í formi hugtakakorta. Einn þáttur er nýyrðasmíði þar sem nemendur nýta orðahluta úr uppgefnum orðum og skeyta þeim saman í ný orð sem gefin er merking.

**Pals (þör að læra saman)** er lestraraðferð fyrir nemendur í 2. - 6. bekk. Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennurum kost á að þjálfra alla nemendur bekkjar samtímis í lestri með jafningjamiðlaðri nálgun. Aðferðin þjálfar nákvæmnislestur, að draga saman efni og forspá.

**K- pals** er lestraraðferð þar sem markmiðið er að gefa kennurum kost á að þjálfra hóp af nemendum samtímis í stafapekkingu, hljóðkerfisvitund og lestri með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu).

**Ritháttarlestur** er þegar nemandi byggir smám saman upp sjónrænan orðaforða þannig að hann þekki orð um leið og hann sér þau. Nemandinn þarf ekki að umskrá hljóð orðsins, heldur eingöngu að greina rithátt orðsins. Því oftast sem nemandinn skoðar, les og skrifar orðið því meiri líkur eru á að hann festi það í minni.



**Skimunarpróf** er könnun á getu og færni í lestri og lestrartengdum færniþáttum. Í flestum tilfellum eru skimanir staðlaðar eftir aldri og lagðar fyrir hóp nemenda. Markmið með skimunum er að leita eftir styrk- og veikleikum nemenda. Niðurstöðurnar gefa tækifæri til að bregðast við frávikum með viðeigandi íhlutun. Þær gefa einnig til kynna ef þörf er á frekara greiningarferli.

**Snemmtæk íhlutun** er stuðningur sem veittur er nemendum strax við upphaf skólagöngu en börn eru sérstaklega móttækileg fyrir snemmtækri íhlutun frá fæðingu til sex ára aldurs. Hér er átt við stuðning vegna málþroska og lesturs í yngri bekkjum.

**Talgervlar** eru hjálpartæki fyrir þá sem eiga erfitt með mál eða lestur. Til eru tvær raddir, karlmannsröddin Karl og kvenmannsröddin Dóra. Sækja þarf um aðgang hjá [www.blind.is](http://www.blind.is) með viðeigandi vottorði um þörf fyrir slíkt.

**Umskráning** er hæfileiki til að breyta bókstöfum orða í viðeigandi málhljóð, tengja þau saman í orð og finna merkingu þess.



## Yfirlit yfir skimanir og íhlutun

	Skimanir	Tímabil	Umsjón	Niðurstöður skilað til:	Eftirfylgd og íhlutun
1. bekkur	<b>Stafakönnun</b>	haust/vor Stytttri kannanir inn á milli	Umsjónarkennari	Foreldra og sérkennara	Stuðningur í minni hópum með sérkennara/kennara.
	<b>Lesskimun</b>	okt.	Umsjónarkennari með aðstoð frá sérkennara	Foreldra og sérkennara	Stuðningur í minni hópum með sérkennara/kennara.
	<b>Hljóðfærniþróf</b> Lagt fyrir nemendur sem lenda í „áhættu 1“ Lesskimun.	nóv./des.	Kennari með réttindi	Foreldra og sérkennara	Stuðningur í minni hópum með sérkennara/kennara.
	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarþrófin	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.
2. bekkur	<b>Stafakönnun</b>	haust	Umsjónarkennari	Foreldra og sérkennara	Stuðningur í minni hópum með sérkennara/kennara.
	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarþrófin	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.





	Skimanir	Tímabil	Umsjón	Niðurstöðum skilað til:	Eftirfylgd og íhlutun
3. bekkur	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarprófin	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.
	<b>Logos-skimun</b>	feb.	Kennari með réttindi	Foreldra, umsjónarkennara og stjórnenda	4-6 vikna Lestrarsprettur/Þristurinn. Endurmat í lok tímabils.
	<b>Logos-greining</b>	Eftir þörfum	Kennari með réttindi	Foreldra og umsjónarkennara	Stuðningur í námi, hjá sérkennara/kennara.
	<b>Orðarún</b>	mars (3. bekkur-P1)	Kennarar	Foreldra og umsjónarkennara	Markviss lesskilnings- og orðaforðavinna inni í bekk.
4. bekkur	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarprófin	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.
	<b>Orðarún</b>	okt. (3. bekkur-P2) mars (4. bekkur-P1)	Kennarar	Foreldra og umsjónarkennara	Markviss lesskilnings- og orðaforðavinna inni í bekk.
	<b>Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði</b>	sept.	Umsjónarkennarar	Foreldra, umsjónarkennara og stjórnenda	Niðurstöður eru skoðaðar og fundin viðeigandi úrræði.



	Skimanir	Tímabil	Umsjón	Niðurstöðum skilað til:	Eftirfylgd og íhlutun
5. bekkur	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarprófin	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur/heimalestur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.
	<b>Orðarún</b>	okt. (4. bekkur-P2) mars (5. bekkur-P1)	Kennarar	Foreldra og umsjónarkennara	Markviss lesskilnings- og orðaforðavinna inni í bekk.
6. bekkur	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarprófin	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur/heimalestur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.
	<b>Orðarún</b>	okt. (5. bekkur-P2) mars (6. bekkur-P1)	Kennarar	Foreldra og umsjónarkennara	Markviss lesskilnings- og orðaforðavinna inni í bekk.
	<b>Logos-skimun</b>	mars	Kennari með réttindi	Foreldra, umsjónarkennara og stjórnenda	4-6 vikna lestrarsprettur/Pristurinn. Endurmat í lok tímabils.
	<b>Logos-greining</b>	eftir þörfum	Kennari með réttindi	Foreldra og umsjónarkennara	Stuðningur í námi, hjá sérkennara/kennara.



	Skimanir	Tímabil	Umsjón	Niðurstöðum skilað til:	Eftirfylgd og íhlutun
7. bekkur	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarprófin	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur/heimalestur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.
	<b>Orðarún</b>	okt. (7. bekkur-P2) mars (8. bekkur-P1)	Kennarar	Foreldra og umsjónarkennara	Markviss lesskilnings- og orðaforðavinna inni í bekk.
	<b>Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði</b>	sept.	Umsjónarkennarar	Foreldra, umsjónarkennara og stjórnenda	Niðurstöður eru skoðaðar og fundin viðeigandi úrræði.
8. bekkur	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarprófin	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur/heimalestur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.
	<b>Orðarún</b>	okt. (8. bekkur-P2)	Kennarar	Foreldra og umsjónarkennara	Markviss lesskilnings- og orðaforðavinna inni í bekk.
	<b>Logos-skimun</b>	maí	Kennari með réttindi	Foreldra, umsjónarkennara og stjórnenda	Lestraríhlutun að hausti í 9. bekk.
	<b>Logos-greining</b>	eftir þörfum	Kennari með réttindi	Foreldra og umsjónarkennara	Stuðningur í námi, hjá sérkennara/kennara.



	Skimanir	Tímabil	Umsjón	Niðurstöðum skilað til:	Eftirfylgd og íhlutun
9. bekkur	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarprófin	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.
	<b>Samræmd könnunarpróf</b> í íslensku og stærðfræði	mars	Umsjónarkennarar	Foreldra, umsjónarkennara og stjórnenda	Niðurstöður eru skoðaðar og fundin viðeigandi úrræði.
10. bekkur	<b>Lesferill</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Lesfimi</li></ul>	sept./jan./maí.	Umsjónarkennari og aðili sem sér um lestrarprófin.	Foreldra, sérkennara og stjórnenda	Lestrarsprettur í samvinnu við sérkennara, umsjónarkennara og foreldra.
	<b>Logos-endurmat</b>	Fyrir skólalok	Kennari með réttindi	Foreldra	Vottorð fylgir nemanda í framhaldsskóla.



## Heimildaskrá

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2012). *Helstu niðurstöður PISA 2012. Læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningi*. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt af [http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa\\_skyrslur/PISA\\_2012.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa_skyrslur/PISA_2012.pdf)

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi. (án ártals). Talgervill. Sótt af <https://www.blind.is/is/thjonusta/talgervill>

Cain, K. (2010). *Reading development and difficulties*. BPS Blackwell.

Fuchs, D., Fuchs, L.S., Simmons, D.C. og Mathes, P.G. (2013). *PALS, þör að læra saman. Handbók fyrir 2. - 6. bekk*. SÍSL-Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir.

Fuchs, D., Fuchs, L., Thopson, A., A-Ptaoba, S., Yen, L., McMaster, K., Yang, N., Svenson, E. og Braun, M. (án ártals) *K-PALS, þör að læra saman. Handbók fyrir kennara sem kenna 1. bekk í grunnskóla*. Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar og SÍSL Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir.

Guðmundur Engilbertsson. (2013). Orð af orði. Sótt af <https://hagurbal.weebly.com/>

Helga Sigurmundsdóttir. (án ártals). Hljóðavitund. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/176>

Helga Sigurmundsdóttir. (án ártals). Skimunarpróf. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/182>

Helga Sigurmundsdóttir. (án ártals). Snemmtæk íhlutun. [http://lesvefurinn.hi.is/snemmtæk\\_ihlutun%20](http://lesvefurinn.hi.is/snemmtæk_ihlutun%20)

Helga Sigurmundsdóttir. (án ártals). Umskráning. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/136>

Hljóðbókasafn Íslands. (án ártals). Hlutverk, markmið og saga Hljóðbókasafns Íslands. Sótt af [https://hbs.is/um\\_safnid/hlutverk--markmid-og-saga](https://hbs.is/um_safnid/hlutverk--markmid-og-saga)

Menntamálastofnun. (án ártals). Lesferill. Sótt af [https://mms.is/sites/mms.is/files/kynning\\_a\\_lesferli.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/kynning_a_lesferli.pdf)

Menntamálastofnun. (án ártals). Orðarún. Sótt af <https://mms.is/ordarun>



---

Menntamálastofnun. (án ártals). Vegna samræmdra könnunarprófa. Sótt af <https://mms.is/samraemd-konnunarprof>

Menntamálastofnun. (án ártals). Matsrammi fyrir lestrarlag. Sótt af [https://www.mms.is/sites/mms.is/files/matsrammi\\_leidbeiningar\\_07.02.18.pdf](https://www.mms.is/sites/mms.is/files/matsrammi_leidbeiningar_07.02.18.pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík.

Steinunn Torfadóttir. (án ártals). Þróun læsis. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/134>

Torleiv Høien. (2008). *Handbók fyrir logos. Greining á dyslexíu og öðrum lestrarerfiðleikum*. Logometrica.